

Klæðumst bláu á **BLÁA DAGINN** föstudaginn 6. apríl

Í tilefni af vitundar- og styrktaráttakinu **BLÁR APRÍL** sem er nú haldið í fimmta sinn, eru börn og fullorðnir hvattir til að klæðast bláu föstudaginn 6. apríl til að sýna einhverfum stuðning og samtöðu. Undanfarin ár hafa margir brugðið á það ráð að birta myndir á samfélagsmiðlum með myllumerkinu **#blarapril** sem hefur lífgað upp á daginn og hjálpað til við að breiða út boðskapinn.



Myndir frá Bláa deginum undanfarin ár **#blarapril**

Sem fyrr er það *Blár apríl - Styrktarfélag barna með einhverfu* sem að bláa deginum stendur. Markmið átaksins er að vekja athygli á einhverfu og safna fé til styrktar málefnum er varða börn með einhverfu. Öll starfsemi styrktarfélagssins er unnin í sjálfböðavinnu og allt styrktarfé rennur óskert til söfnunarátaksins.

Á fyrsta starfsári félagsins leiddi styrktaráttakið til þess að hægt var að gefa öllum grunnskólum landsins sérkennslugögn að andvirði fimm milljóna króna. Árið eftir var styrktarféð nýtt til að koma á námskeiði fyrir foreldra og aðstandendur barna með einhverfu, þátttakendum að kostnaðarlausu. Þörfin leyndi sér ekki og aðsóknin var slík að félagið hefur haldið námskeiðin æ síðar og þátttakendur farnir að nálgast 500. Í fyrra leiddi afrakstur styrktaráttaksins til þess að hægt var að gefa út vandað fræðslumyndband um einhverfu sérstaklega ætlað börnum. Þar fóru Ævar vísindamaður og drengurinn Dagur ofan í saumana á einhverfu og fékk myndbandið frábærar viðtökur. Nú í ár kemur út sjálfstætt framhald af fræðslumyndbandinu, að þessu sinni með henni Maríu í aðahlutverki, sem frumsýnt verður fyrir bláa daginn á blarapril.is.



Úr fræðslumyndbandinu frá í fyrra: Ævar vísindamaður og Dagur

Leiðir til að styðja og styrkja málefnið:

- Klæðast bláu föstudaginn 6. apríl og birta myndir á samfélagsmiðlum merktum **#blarapril**
- Ræða við börnin ykkar um einhverfu og horfa saman á fræðslumyndböndin á blarapril.is
- Hringja í síma **902 1010** og styrkja málefnið um 1000 krónur
- Kaupa Bláu næluna, samstöðumerki átaksins, (eða aðrar vörur) á verslun.blarapril.is
- Mæta á styrktartónleika Blás apríls, föstudagskvöldið 6. apríl í Gamla Bíó – sjá nánar á miði.is
- Einnig er tekið við frjálsum framlögum á blarapril.is
- Fylgjast með fréttum af áttakinu á facebook síðu styrktarfélagssins: facebook.com/einhverfa

Við þökkum fyrir stuðninginn og hlökkum til að sjá ykkur sem flest í bláu föstudaginn 6. apríl. Stöndum saman og fögnum fjölbreytileikanum. Því lífið er blátt á mismunandi hátt! **#blarapril**